

42
20. júní

L Ö G

um

viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Húsavík um Tunguheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði, Þistilfjörð, Brekkaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

2. gr.

Þessi breyting á legu þjóðvegarins er því skilyrði bundin, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu taki í sýsluvegatölu vegarkaflann frá Fossvöllum að Gilsárbrú í Jökuldal.

3. gr.

Leiðin frá Breiðamýri til Reykjahlíðar fellur úr tölu þjóðvega. Leiðin frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú í Jökuldal skal vera fjallvegur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.